

Fjárhagsáætlun 2020 fyrir Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Í forsendum fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar árið 2021 er spáð 2,4% hækkun á neysluvísitölu og hækka rekstrarframlög sveitarfélaganna um 2,4% á milli ára. Gjaldskrá skíðasvæðanna er hækkuð um 2,4%. Auk þess kom viðbótarfjármagn inn í framlög sveitarfélaga upp á 10,6 mkr á árinu 2021 vegna viðbóta starfsfólks sem þarf vegna uppbyggingar. Þessi störf tengjast rekstri snjóframleiðslu og lyftum.

Tekjur skíðasvæðanna eru þá að hækka sem nemur verðlagshækkunum. Ekki er gert ráð fyrir lægri tekjum vegna COVID19 þó að veruleg hætta verði á því. Ef að skíðasvæðin ná því að vera opin um 50 - 60 daga á tímabilinu desember til apríl er líklegt að tekjuáætlunin standist.

Launahækkunir á milli ára eru um 25 mkr eða 12,7%, inni í þeirri tölu eru launahækkunirnar sem samið var um í maí árið 2020 fyrir árin 2019 og 2020 auk þess koma launahækkunir ársins 2021 til greiðslu í janúar 2021. Við gerð fjárhagsáætlunar 2020 var ekki búið að semja um launahækkunir vegna 2019 og 2020. Þannig að launahækkunirnar inn í fjárhagsáætlun 2021 eru fyrir árin 2019, 2020 og 2021.

Annan rekstrarkostnað er ekki hægt að verðbæta. Nauðsynlegt var að lækka annan rekstrarkostnað um 5,4 mkr til að ná að loka fjárhagsáætlun. Miðað við verðlagshækkunir ætti annar rekstrarkostnaður að hækka um 3,6 mkr á milli ára og jafngildir þetta hagræðingu í öðrum rekstrarkostnaði upp á 9 mkr á árinu.

Fjárfestingarframlag skíðasvæðanna er 75 mkr, auk þess er viðbótafjárfesting vegna samkomulags um uppbyggingu í Bláfjöllum á árunum 2019 – 2025. Þá eru ekki framlög vegna snjógerðar og uppbyggingar á lyftum inn í þessum framlögum.

Fjárhagsáætlun skíðasvæðanna fyrir árið 2021

Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2021
Aðgangseyrir	-105.805.127
Veitingasala	-15.626.304
Skíðaleiga	-27.003.757
Mótastyrkir	-14.000.000
Framlög Sveitarfélaga	-209.945.429
Tekjur alls	-372.380.617
Laun	164.272.188
Launatengd gjöld	56.708.201
Laun alls:	220.980.389
Brekkur og svæði	14.572.709
Bílastæði	8.735.989
Fasteignir	14.051.234
Lyftur	36.769.074
Tæki	14.970.388
Troðarar	20.962.450
Veitingasala	10.033.561
Almennur rekstur	23.452.495
Markaðsmál	4.819.818
Skíðaleiga	1.380.014
Skíðakennsla	1.652.496
Annar rekstrarkostnaður:	151.400.228

Framlög sveitarfélaganna til Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2021 eru 210 mkr og fjárfestingaframlög sveitarfélaga eru 75 mkr. Skiptingu á milli sveitarfélaga sést nánar í töflum.

Sveitarfélag	Íbúar skv.		Framlag 2021
	hagstofu	Hlutfall	
Reykjavík	131.136	56,3%	-118.267.632
Kópavogur	37.959	16,3%	-34.234.086
Hafnarfjörður	29.971	12,9%	-27.029.948
Garðabær	16.924	7,3%	-15.263.249
Mosfellsbær	12.073	5,2%	-10.888.277
Seltjarnarnes	4.726	2,0%	-4.262.238
	232.789		-209.945.429

Sveitarfélag	Íbúar skv.		Framlag 2021
	hagstofu	Hlutfall	
Reykjavík	131.136	56,3%	-42.249.419
Kópavogur	37.959	16,3%	-12.229.637
Hafnarfjörður	29.971	12,9%	-9.656.062
Garðabær	16.924	7,3%	-5.452.577
Mosfellsbær	12.073	5,2%	-3.889.681
Seltjarnarnes	4.726	2,0%	-1.522.623
	232.789		-75.000.000

Gjaldskrá Skíðasvæðanna fyrir árið 2021. Almenn hækkun á gjaldskrá er 2,4% á alla liði. Í töflu má sjá verð ársins 2020 oo 2021.

Gjaldskrá skíðasvæðanna árið 2021

Gjaldskrárbreyting Skíðasvæðanna	2020		2021	
	Verð	pr.	Verð	pr.
Þjónustubáttur:	mán. - fyrir		mán. - eftir	
Hart kort	1.000		1.000	
Hart kort - Skilagjald	-500		-500	
Dagskort fullorðinna	4.050		4.150	
Dagskort unglinga	1.540		1.580	
Dagskort barna	1.010		1.040	
1 klst fullorðinna	2.100		2.150	
1 klst unglinga	730		750	
1 klst barna	460		470	
2 klst fullorðinna	2.600		2.660	
2 klst unglinga	970		1.000	
2 klst barna	580		600	
3 klst fullorðinna	3.000		3.100	
3 klst unglinga	1.180		1.200	
3 klst barna	640		660	
2 daga kort fullorðnir	7.300		7.500	
2 daga kort unglinga	2.780		2.850	
2 daga kort barna	1.830		1.870	
3 daga kort fullorðnir	10.350		10.600	
3 daga kort unglinga	3.930		4.000	
3 daga kort barna	2.600		2.670	
Vetrarkort fullorðnir	36.700		37.600	
Vetrarkort - tilboð	31.800		32.600	
Vetrarkort unglingar	16.000		16.400	
Vetrarkort börn	9.050		9.300	
Æfingakort	9.050		9.300	
Vetrarkort á Göngusvæði	12.600		12.900	
Vetrarkort á Göngusvæði tilboð	9.330		9.550	
Dagur á göngusvæði	1.080		1.100	
Fullorðnir Barnalyftur	1.180		1.200	
Skíði, skór og stafir - fullorðnir	5.440		5.570	
Skíði, skór og stafir - börn	4.820		4.940	
Stafir	1.200		1.230	
Gönguskór og skíði	4.820		4.940	
Snjóbretti og skór - fullorðnir	5.430		5.560	
Snjóbretti og skór – börn	4.820		4.940	
Stakir hlutir – fullorðnir	3.300		3.400	
Stakir hlutir – börn	2.880		2.950	

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Miðað við framkvæmdaáætlun skíðasvæðanna sem var lögð fyrir SSH er áætlun við viðbótarrekstrarkostnað vegna framkvæmdanna. Áætlunin gerir ráð fyrir fullri opnun á þeim lyftum sem koma nýjar ásamt því að Skálafell verði opið virka daga yfir vetraropnunina. Viðbótarrekstrarkostnaður mun því koma inn á árunum 2021 – 2025 vegna framkvæmda á svæðinu. Rekstraráætlunin mun endurskoðast árlega eftir gangi framkvæmda.

Hækkun rekstrarframlaga vegna framkvæmda á árunum 2021 - 2026 án verðlagshækkanna.						
allar tölur eru í þúsundum króna	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Framlög Sveitarfélaga	199.321	209.945	224.521	293.170	302.195	298.683
Viðbótarrekstrarkos. v/framkv. 2020-2022	8.635	2.068	0	0	0	0
Viðbótarrekstrarkos. v/framkv. 2021-2022	1.989	9.508	0	0	0	0
Viðbótarrekstrarkos. v/framkv. 2022-2023	0	3.000	68.648	0	0	0
Viðbótarrekstrarkos. v/framkv. 2024	0	0	0	9.026		
Viðbótarrekstrarkos. v/framkv. 2025	0	0	0		-3.512	
Viðbótarrekstrarkos. v/framkv. 2026						10.079
Framlög sveitarfélaga alls:	209.945	224.521	293.170	302.195	298.683	308.762